

Útvíkkaður hlutasamningur um íþróttir (EPAS) – Samningur Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita íþróttakeppna.

Inngangsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðrir sem undirrita samning þennan,

hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu meðal aðildarríkjanna,

hafa í huga aðgerðaáætlun, sem þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnarleiðtogar aðildarríkja Evrópuráðsins samþykktu á þriðja fundi sínum (Varsjá, 16.-17. maí 2005), þar sem mælt er með áframhaldandi aðgerðum Evrópuráðsins sem gilda eða eru viðmiðanir innan íþróttar,

hafa í huga nauðsyn þess að styrkja sameiginlega evrópska og hnattræna umgerð um framþróun íþróttar sem byggist á viðteknum hugmyndum um fjölræði (e. pluralist democracy), réttarreglu, mannréttindi og siðferði í íþróttum,

eru meðvituð um að hagræðing úrslita íþróttakeppna geti hugsanlega haft áhrif í öllum löndum og á hvaða íþróttagrein sem er í heiminum og sem leggja áherslu á nauðsyn þess að bregðast við þessu fyrirbæri, sem ógnar heilindum innan íþróttar um heim allan, á heildstæðan hátt, en til þess þarf einnig stuðning ríkja sem eru ekki aðildarríki Evrópuráðsins,

lýsa áhyggjum sínum af brotastarfsemi í þessum sambandi, einkum skipulagðri glæpastarfsemi á sviði hagræðingar úrslita íþróttakeppna, og af fjölþjóðlegu eðli slíkrar starfsemi,

minnast Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis (1950, SES nr. 5) og bókana við hann, Evrópusamningsins um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum á knattspyrnukappleikjum (1985, SES nr. 120), samningsins um misnotkun lyfja í íþróttum (1989, SES nr. 135), samningsins á sviði refsiréttar um spillingu (1999, SES nr. 173) og samningsins um peningabætti, leit, haldlagningu og upptöku ávinnings af brotum og um fjármögnun hryðjuverka (2005, SES nr. 198),

minnast samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (2000) og bókana við hann,

minnast einnig samnings Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu (2003),

minnast mikilvægis þess að rannsaka, með skilvirkum hætti og án ótilhlýðilegrar tafar, fyrrnefnd brot í lögsögu sinni.

minnast þess lykilhutverks sem Alþjóðasamband sakamálaögreglu (Interpol) gegnir við að greiða fyrir árangursríkri samvinnu milli löggæslufirvalda, einnig samvinnu á sviði dómsmála,

leggja áherslu á að íþróttasamtök bera ábyrgð á því að koma upp um og beita viðurlögum gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna sem einstaklingar, sem lúta skipunarvaldi þeirra, gera sig seka um,

viðurkenna þann árangur sem þegar hefur náðst í baráttunni gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna,

eru sannfærð um að aukin, hraðvirk, varanleg og skilvirk samvinna, innanlands og á alþjóðavísu, sé forsenda þess að unnt sé að ná árangri í baráttunni gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna,

hafa hliðsjón af tilmælum ráðherra nefndarinnar til aðildarríkjanna Rec(92)13rev um endurskoðaðan íþróttasáttmála, CM/Rec(2010)9 um endurskoðaðar siðareglur í íþróttum, Rec(2005)8 um meginreglur um góða stjórnunarhætti í íþróttum og CM/Rec(2011)10 um eflingu heilinda innan íþróttar til þess að gera kleift að berjast gegn hagræðingu úrslita, einkum því að hafa áhrif á úrslit kappleikja með brögðum eða mútum,

eru, í ljósi vinnu og niðurstaða á eftirtöldum ráðstefnum:

- elleftu ráðstefnu Evrópuráðsins sem ráðherrar sem fara með íþróttamál sátu og fram fór í Aþenu 11. og 12. desember 2008,
- átjándu óformlegu ráðstefnu Evrópuráðsins sem ráðherrar sem fara með íþróttamál sátu (Bakú 22. september 2010), þar sem fjallað var um að efla heilindi innan íþróttar andspænis hagræðingu úrslita (þ.e. að hafa áhrif á úrslit kappleikja með brögðum eða mútum),
- tólftu ráðstefnu Evrópuráðsins sem ráðherrar sem fara með íþróttamál sátu (Belgrad, 15 mars 2012), þar sem einkum var fjallað um drög að nýjum þjóðréttarlegum lagagæringum gegn hagræðingu úrslita í íþróttum,
- fimmtu alþjóðlegu ráðstefnu Menningarmálastofnunar SP (UNESCO) sem ráðherrar og háttsettir embættismenn, sem fjalla um íþróttakennslu og íþróttir, sátu,

þess fullviss að skoðanaskipti og samvinna milli opinberra yfirvalda, íþróttasamtaka, skipuleggjenda keppni og íþróttaveðmálafyrirtækja, jafnt innanlands sem á alþjóðavísu, sem fram fara á grundvelli gagnkvæmrar virðingar og trausts, séu nauðsynleg til þess að unnt sé að takast sameiginlega og með árangursríkum hætti á við þau krefjandi viðfangsefni sem sá vandi sem hagræðing úrslita íþróttakeppna er hefur í för með sér,

viðurkenna að íþróttir, sem byggjast á heiðarlegri og sanngjarnri keppni, eru ófyrirsjáanlegar í eðli sínu og að nauðsynlegt sé að vinna gegn siðlausum aðgerðum og hegðun í íþróttum af afli og með skilvirkum hætti,

leggja áherslu á þá sannfæringu sína að samræmd beiting meginreglnanna um góða stjórnunarhætti og siðferði í íþróttum sé mikilvægur þáttur sem stuðlar að því að útrýma spillingu, hagræðingu úrslita íþróttakeppna og annars konar afglöpum í tengslum við íþróttir,

viðurkenna að íþróttasamtök beri, í samræmi við meginregluna um sjálfræði íþróttahreyfingarinnar, ábyrgð á íþróttum og hafi skyldum að gegna, hvað varðar innra eftirlit og beitingu aga í baráttunni gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna, en að opinber yfirvöld standi vörð um heilindi innan íþróttar eftir því sem við á,

viðurkenna að framþróun starfsemi á sviði íþróttaveðmála, einkum ólöglegra íþróttaveðmála, eykur hættu á fyrrnefndri hagræðingu úrslita,

hafa í huga að hagræðing úrslita íþróttakeppna kann að eiga skylt við eða vera ótengd íþróttaveðmálum og eiga skylt við eða vera ótengd refsilagabrotum og að taka eigi á slíkri hagræðingu úrslita í öllum tilfellum,

taka mið af því svigrúmi til sjálfstæðra ákvarðana sem ríki hafa, innan ramma gildandi laga, þegar marka skal stefnu viðvíkjandi íþróttaveðmálum,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. kafli – Tilgangur, leiðbeinandi meginreglur, skilgreiningar.

1. gr. – Tilgangur og meginmarkmið.

1. Tilgangur samnings þessa er að berjast gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna í því augnamiði að standa vörð um heilindi innan íþróttar og siðferði í íþróttum í samræmi við meginregluna um sjálfræði íþróttahreyfingarinnar.

2. Meginmarkmið samnings þessa í þeim tilgangi er:

- a. að koma í veg fyrir, koma upp um og beita viðurlögum gegn hagræðingu úrslita, innanlands eða í fjölþjóðlegu tilliti, í íþróttakeppnum sem fara fram á innlendum og alþjóðlegum vettvangi,
- b. að efla samvinnu, innanlands og á alþjóðavísu, gegn hagræðinu úrslita íþróttakeppna, bæði milli viðkomandi opinberra yfirvalda og við samtök á sviði íþróttar og íþróttaveðmála.

2. gr. – Leiðbeinandi meginreglur.

1. Baráttan gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna skal tryggja virðingu, meðal annars fyrir eftirfarandi meginreglum:
 - a. mannréttindum,
 - b. lögmæti,
 - c. meðalhófi,
 - d. verndun einkalífs og persónuupplýsinga.

3. gr. – Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Íþróttakeppni“ merkir íþróttaviðburð sem er skipulagður í samræmi við þær reglur sem íþróttasamtök, sem nefndin um eftirfylgni samningsins telur upp samkvæmt ákvæði 2. mgr. 31. gr., setja og alþjóðleg íþróttasamtök viðurkenna eða, þar sem það á við, önnur til þess bær íþróttasamtök.
2. „Íþróttasamtök“ merkir samtök sem stjórna íþróttum eða einni sérstakri íþróttagrein og eru birt á þeim lista sem nefndin um eftirfylgni samningsins samþykkir samkvæmt ákvæði 2. mgr. 31. gr. og tengd samtök þeirra innan viðkomandi heimsálfu og innanlands ef nauðsyn krefur.
3. „Skipuleggjandi keppni“ merkir íþróttasamtök eða annan aðila, án tillits til rekstrarforms þeirra eða hans að lögum, sem skipuleggja eða skipuleggur íþróttakeppni.
4. „Hagræðing úrslita íþróttakeppna“ merkir fyrirkomulag, gjörning eða aðgerðaleysi sem er af ásetningi og miðar að því að breyta úrslitum eða gangi íþróttakeppni með óviðeigandi hætti í því skyni að víkja alfarið eða að hluta til frá hinu ófyrirsjáanlega eðli fyrrnefndrar íþróttakeppni til þess aftur að ná fram óréttmætum ávinningi fyrir sjálfan sig eða aðra.
5. „Íþróttaveðmál“ merkir að leggja undir áhættufé í þeirri von að fá vinning, sem hefur peningagildi, með fyrirvara um að atvik eigi sér stað í framtíð sem er óvissu háð og tengist íþróttakeppni. Einkum merkir:
 - a. „ólögleg íþróttaveðmál“ íþróttaveðmál sem eru af þeirri gerð sem er óheimil eða er stýrt af fyrirtæki sem er án heimilda samkvæmt gildandi lögum innan þeirrar lögsögu þar sem viðkomandi neytandi er staðsettur,
 - b. „afbrigðileg íþróttaveðmál“ íþróttaveðmál sem stinga í stúf við almenn eða fyrirsjáanleg einkenni viðkomandi markaðar eða þau einkenni hans sem við er að búast eða sem tengjast veðmálum um íþróttakeppni sem gengur fyrir sig á óvenjulegan hátt,
 - c. „grunsamleg íþróttaveðmál“ íþróttaveðmál sem virðast, samkvæmt áreiðanlegum og stöðugum vísbandingum, tengjast hagræðingu úrslita þeirrar íþróttakeppni sem veðmálin eru boðin fram vegna.
6. „Hagsmunaaðili í íþróttakeppnum“ merkir einstakling eða lögaðila úr einum eftirtalinna hópa:
 - a. „íþróttamenn“, sem merkir einstaklinga eða hóp einstaklinga sem taka eða tekur þátt í íþróttakeppnum,
 - b. „starfsfólk íþróttamanna“, sem merkir þjálfara, kennara, stjórnanda, umboðsmann, starfsmenn liðs, hópstjóra liðs, heilbrigðisstarfsfólk eða bráðatækna sem vinna með eða meðhöndla íþróttamenn sem taka þátt í íþróttakeppnum eða undirbúa sig fyrir þær og alla aðra einstaklinga sem vinna með íþróttamönnum,
 - c. „stjórnandi“, sem merkir einstakling sem er eigandi, hluthafi í, framkvæmdastjóri eða starfsmaður þeirra rekstrareininga sem skipuleggja og standa að íþróttakeppnum, einnig dómara, dómnefndarmenn og aðra formlega viðurkennda einstaklinga. Hugtakið tekur einnig til framkvæmdastjóra og starfsmanna þeirra alþjóðlegu íþróttasamtaka eða, þar sem það á við, annarra þar til bærra íþróttasamtaka sem viðurkenna viðkomandi keppni.
7. „Innherjaupplýsingar“ merkir upplýsingar sem tengjast keppni og einstaklingur býr yfir vegna stöðu sinnar tengdri íþrótt eða keppni, að frátöldum upplýsingum sem hafa þegar verið birtar eða eru almenningi kunnar, eru auðveldlega aðgengilegar þeim hluta almennings sem áhuga hefur eða hafa verið birtar samkvæmt reglum sem gilda um viðkomandi keppni.

II. kafli – Forvarnir, samvinna og aðrar ráðstafanir.

4. gr. – Samræming innanlands.

1. Sérhver samningsaðili skal samræma stefnu og aðgerðir allra opinberra yfirvalda sem koma að baráttunni gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna.
2. Sérhver samningsaðili skal, innan lögsögu sinnar, hvetja íþróttasamtök, skipuleggjendur keppni og íþróttaveðmálafyrirtæki til þess að vinna saman í baráttunni gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna og, þar sem það á við, fela þeim að beita viðeigandi ákvæðum samnings þessa.

5. gr. – Áhættumat og stjórnun.

1. Sérhver samningsaðili skal – þar sem það á við og í samvinnu við íþróttasamtök, íþróttaveðmálafyrirtæki, skipuleggjendur keppni og önnur viðkomandi samtök – bera kennsl á, greina og meta áhættu sem tengist hagræðingu úrslita íþróttakeppna.
2. Sérhver samningsaðili skal hvetja íþróttasamtök, íþróttaveðmálafyrirtæki, skipuleggjendur keppni og hvaða önnur viðkomandi samtök sem er til þess að koma á verklagi og setja reglur í því skyni að berjast gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna og samþykkja, þar sem það á við, lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar í því skyni.

6. gr. – Fræðsla og vitundarvakning.

1. Sérhver samningsaðili skal hvetja til vitundarvakningar, fræðslu, þjálfunar og rannsókna í því skyni að efla baráttuna gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna.

7. gr. – Íþróttasamtök og skipuleggjendur keppni.

1. Sérhver samningsaðili skal hvetja íþróttasamtök og skipuleggjendur keppni til þess að setja reglur og beita þeim í því skyni að berjast gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna og samþykkja og beita meginreglum um góða stjórnunarhætti sem varða meðal annars:
 - a. að koma í veg fyrir hagsmunaaðilum, meðal annars:
 - að banna hagsmunaaðilum í íþróttakeppnum að stunda veðmál um íþróttakeppni sem þeir tengjast,
 - að banna misnotkun innherjaupplýsinga eða miðlun þeirra,
 - b. að íþróttasamtök og aðilar þeim tengd virði allar samningsbundnar skuldbindingar sínar eða aðrar skuldbindingar,
 - c. þá kröfu að hagsmunaaðilar í íþróttakeppnum tilkynni þegar í stað um grunsamlegar athafnir, atvik, hvata eða nálgun sem gæti talist brot á reglum gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna.
2. Sérhver samningsaðili skal hvetja íþróttasamtök til þess að samþykkja og beita viðeigandi ráðstöfunum til þess að tryggja megi:
 - a. aukna og árangursríka vöktun gangs íþróttakeppna sem eru útsettar fyrir hættu á hagræðingu úrslita,
 - b. fyrirkomulag þess að tilkynna án tafar viðkomandi opinberum yfirvöldum eða innlendum vettvangi um tilvik grunsamlegra athafna sem tengjast hagræðingu úrslita íþróttakeppna,
 - c. skilvirka tilhögun þess að greiða fyrir birtingu upplýsinga um hugsanleg eða raunveruleg tilvik hagræðingar úrslita íþróttakeppna, meðal annars þess að veita upplýstrum fullnægjandi vernd,
 - d. vitund hagsmunaaðila í íþróttakeppnum, meðal annars ungra íþróttamanna, um hættu á hagræðingu úrslita íþróttakeppna og um viðleitni til að berjast gegn henni með fræðslu, þjálfun og miðlun upplýsinga,
 - e. að viðkomandi stjórnendur vegna íþróttakeppni, einkum dómamar, séu skipaðir eins seint og frekast er unnt.
3. Sérhver samningsaðili skal hvetja íþróttasamtök sín, og fyrir atbeina þeirra alþjóðleg íþróttasamtök, til þess að beita sértækum, skilvirkum og meðalhófskenndum viðurlögum og agavaldi, sem hafa varnaðaráhrif, vegna brota á eigin reglum gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna, einkum þeim reglum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, einnig til þess að tryggja að viðurlög annarra íþróttasamtaka, einkum í öðrum löndum, séu viðurkennd og þeim beitt með gagnkvæmum hætti.

4. Ábyrgð vegna agabrota, sem ípróttasamtök innleiða, útilokar ekki almenna refsíábyrgð, einkaréttarábyrgð eða stjórnarsýsluábyrgð.

8. gr. – Ráðstafanir vegna fjármögnunar ípróttasamtaka.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja viðeigandi gagnsæi fjármögnunar ípróttasamtaka sem njóta fjárstuðnings viðkomandi samningsaðila.
2. Sérhver samningsaðili skal kanna þann kost að aðstoða ípróttasamtök í baráttunni gegn hagræðingu úrslita ípróttakeppna, meðal annars með því að fjármagna viðeigandi ferli.
3. Sérhver samningsaðili skal, ef nauðsyn krefur, taka til athugunar að stöðva fjárstuðning eða hvetja ípróttasamtök til þess að stöðva fjárstuðning frá hagsmunaaðilum í keppnum sem hafa verið beittir viðurlögum fyrir hagræðinu úrslita ípróttakeppna, jafn lengi og viðurlögin gilda.
4. Sérhver samningsaðili skal, þar sem það á við, gera ráðstafanir til þess að stöðva fjárstuðning eða ípróttatengdan stuðning, að hluta eða alfarið, frá ípróttasamtökum sem skirrast við að beita, með skilvirkum hætti, reglum sem fjalla um baráttuna gegn hagræðinu úrslita ípróttakeppna.

9. gr. – Ráðstafanir viðvíkjandi eftirlitsaðila veðmála eða öðru yfirvaldi eða yfirvöldum sem ábyrgð bera.

1. Sérhver samningsaðili skal tilgreina eitt ábyrgt yfirvald eða fleiri sem er falið að framkvæma, innan réttarkerfis viðkomandi samningsaðila, eftirlit með ípróttaveðmálum og að gera viðeigandi ráðstafanir í baráttunni gegn hagræðinu úrslita ípróttakeppna að því er varðar fyrrnefnd veðmál, meðal annars, þar sem það á við:
 - a. að skiptast á upplýsingum við önnur viðkomandi yfirvöld tímanlega eða innlenda vettvang sem fer með mál er varða ólögleg, afbrigðileg eða grunsamleg ípróttaveðmál og brot á reglum sem um getur í samningi þessum eða eru settar í samræmi við ákvæði hans,
 - b. að takmarka framboð ípróttaveðmála, að undangengnu samráði við innlend ípróttasamtök og ípróttaveðmálafyrirtæki, einkum með því að útiloka ípróttakeppnir:
 - sem eru hugsaðar fyrir þá sem eru undir 18 ára aldri eða
 - þar sem skipulagsskilyrði og/eða það sem er í húfi hvað ípróttir varðar er ófullnægjandi,
 - c. að veita skipuleggjendum keppni upplýsingar fyrirfram um af hvaða tagi ípróttaveðmálin eru og að hverju þau beinast, í því skyni að styðja þau í þeirri viðleitni þeirra að koma auga á og fást við hættu á hagræðingu úrslita innan ípróttu í þeim keppnum sem þeir standa fyrir,
 - d. að hafa vakandi auga með kerfisbundinni notkun greiðslumiðla í ípróttaveðmálum og heimila að rekja fjárstreymi fyrir ofan ákveðin mörk, sem sérhver samningsaðili skilgreinir, og komast einkum að því hverjir sendendur eða viðtakendur eru og um hvaða fjárhæðir er að ræða,
 - e. að koma á tilhögun um samstarf á milli ípróttasamtaka og, þar sem við á, ípróttaveðmálafyrirtækja, til að koma í veg fyrir að hagsmunaaðilar í ípróttakeppnum stundi veðmál um ípróttakeppnir sem eru brot á viðeigandi ípróttareglum eða gildandi lögum,
 - f. að fella veðmál niður tímabundið, í samræmi við landslög, þ.e. veðmál sem tengjast keppnum sem viðeigandi aðvörun hefur verið gefin út vegna.
2. Sérhvert aðildarríki skal senda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins nafn og heimilisfang þess yfirvalds eða yfirvalda sem eru tilgreind vegna framfylgdar 1. mgr. þessarar greinar.

10. gr. – Ípróttaveðmálafyrirtæki.

1. Sérhvert aðildarríki skal samþykkja lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að koma í veg fyrir hagsmunaaðila milli einstaklinga eða lögaðila sem tengjast framboði á ípróttaveðmálum og koma í veg fyrir misnotkun þeirra á innherjaupplýsingum, einkum með því að beita höftum gegn:
 - a. einstaklingum eða lögaðilum sem tengjast framboði á ípróttaveðmálum og leggja fé undir í eigin veðmálafyrirtæki,
 - b. misnotkun aðstöðu, í krafti þess að vera stuðningsaðili ípróttasamtaka eða hlutaeigandi í þeim, til þess að greiða fyrir hagræðingu úrslita ípróttakeppna eða misnotkun innherjaupplýsinga,
 - c. hagsmunaaðilum í ípróttakeppnum sem eiga aðild að því að safna upp hlutfalli milli vinnings og veðfjár vegna þeirrar keppni sem þeir eru viðriðnir,
 - d. hverju ípróttaveðmálafyrirtæki, sem stjórnar skipuleggjanda keppni eða hagsmunaaðila, einnig gegn hverju ípróttaveðmálafyrirtæki sem lýtur stjórn fyrrnefnds skipuleggjanda keppni eða hagsmunaaðila og býður fram veðmál vegna keppni sem sá skipuleggjandi keppni eða hagsmunaaðili er viðriðinn.

2. Sérhver samningsaðili skal hvetja íþróttaveðmálafyrirtæki í sínu landi og, fyrir atbeina þeirra, alþjóðleg samtök slíkra fyrirtækja til þess að vekja vitund eigenda þeirra og starfsfólks um afleiðingar hagræðingar úrslita íþróttakeppna og um baráttuna gegn slíkri hagræðingu úrslita með fræðslu, þjálfun og miðlun upplýsinga.

3. Sérhver samningsaðili skal samþykkja lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að skylda íþróttaveðmálafyrirtæki til að tilkynna, án tafar, viðkomandi eftirlitsaðila veðmála eða öðru yfirvaldi eða yfirvöldum sem ábyrgð bera eða viðkomandi innlendum vettvangi um afbrigðileg eða grunsamleg veðmál.

11. gr. – Baráttan gegn ólöglegum íþróttaveðmálum.

1. Sérhver samningsaðili skal, í því skyni að berjast gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna, kanna færustu leiðir til þess að fást við fyrirtæki sem stunda ólögleg íþróttaveðmál og skal taka til athugunar að samþykkja ráðstafanir, í samræmi við gildandi lög í viðkomandi lögsögu, eins og:

- a. að loka fyrir eða takmarka með beinum og óbeinum hætti aðgang að ólöglegum, fjarlægum íþróttaveðmálafyrirtækjum og að loka fyrir starfsemi ólöglegra íþróttaveðmálafyrirtækja sem eru staðsett í lögsögu viðkomandi samningsaðila,
- b. að stöðva fjárstreymi milli ólöglegra íþróttaveðmálafyrirtækja og neytenda,
- c. að banna auglýsingar ólöglegra íþróttaveðmálafyrirtækja,
- d. að vekja neytendur til vitundar um þær hættur sem fylgja ólöglegum íþróttaveðmálum.

III. kafli – Upplýsingaskipti.

12. gr. – Upplýsingaskipti milli lögbærra, opinberra yfirvalda, íþróttasamtaka og íþróttaveðmálafyrirtækja.

1. Sérhver samningsaðili skal, með fyrirvara um ákvæði 14. gr., greiða fyrir upplýsingaskiptum, jafnt innanlands sem á alþjóðavísu og samkvæmt landslögum, milli viðkomandi opinberra yfirvalda, íþróttasamtaka, skipuleggjenda keppni, íþróttaveðmálafyrirtækja og viðkomandi innlends vettvangs. Sérhver samningsaðili skal einkum skuldbinda sig til að koma á tilhögun þess að deila upplýsingum, sem máli skipta, þegar slíkar upplýsingar gætu gagnast við að framkvæma það áhættumat er um getur í 5. gr., einkum að veita skipuleggjendum keppni upplýsingar fyrirfram um af hvaða tagi íþróttaveðmálin eru og að hverju þau beinast, og við að hefja eða framkvæma rannsóknir eða málsókn vegna hagræðingar úrslita íþróttakeppna.

2. Viðtakandi fyrrnefndra upplýsinga skal, að fram kominni beiðni þar um, samkvæmt landslögum og án tafar upplýsa þau samtök eða það yfirvald sem deilir upplýsingunum um eftirfylgni vegna þessara samskipta.

3. Sérhver samningsaðili skal kanna kosti þess að þróa eða efla samvinnu og upplýsingaskipti vegna baráttunnar gegn ólöglegum íþróttaveðmálum, eins og fram kemur í 11. gr. samnings þessa.

13. gr. – Innlandur vettvangur.

1. Sérhver samningsaðili skal tilgreina innlandan vettvang þar sem fjallað er um hagræðingu úrslita íþróttakeppna. Viðkomandi innlandur vettvangur skal meðal annars og í samræmi við landslög:

- a. gegna hlutverki upplýsingamiðstöðvar þar sem upplýsingum, sem varða baráttuna gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna, er safnað og þeim miðlað til viðkomandi samtaka og yfirvalda,
- b. samhæfa baráttuna gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna,
- c. taka við, beina á einn stað og greina upplýsingar um afbrigðileg og grunsamleg veðmál tengd íþróttakeppnum sem eru haldnar á yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila og, þar sem það á við, gefa út aðvaranir,
- d. senda opinberum yfirvöldum eða íþróttasamtökum og/eða íþróttaveðmálafyrirtækjum upplýsingar um hugasleg brot á lögum eða íþróttareglum er um getur í samningi þessum,
- e. eiga samstarf við öll samtök og viðkomandi yfirvöld, innanlands og á alþjóðavísu, þ.m.t. viðkomandi innlandan vettvang hjá öðrum samningsaðilum.

2. Sérhver samningsaðili skal senda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins nafn og heimilisfang innlends vettvangs hjá sér.

14. gr. – Vernd persónuupplýsinga.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja lagaákvæði og aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að allar aðgerðir gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna séu í samræmi við innlend og alþjóðleg lög og viðmiðanir um vernd persónuupplýsinga, einkum hvað varðar upplýsingaskipti sem samningur þessi fjallar um.
2. Sérhver samningsaðili skal samþykkja lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að ábyrgjast að opinber yfirvöld og samtök, sem fjallað er um í samningi þessum, geri nauðsynlegur ráðstafanir til þess að tryggja, samhliða því að persónuupplýsingum er safnað, unnið er úr þeim og á þeim skiptst, að burtséð frá slíkum skiptum á upplýsingum sé tilhlyðilegt tillit tekið til grundvallarreglna um lögmæti, nægjanleika, þýðingu og nákvæmni, ennfremur til gagnaöryggis og réttinda viðfanga gagna.
3. Sérhver samningsaðili skal setja ákvæði í lög sín þess efnis að opinber yfirvöld og samtök, sem samningur þessi fjallar um, skuli tryggja að gagnaskipti, að því er samning þennan varðar, gangi ekki lengra en nauðsyn krefur til þess að þjóna þeim tilgangi sem tilgreindur er með fyrrnefndum skiptum.
4. Sérhver samningsaðili skal hvetja hin ýmsu opinberu yfirvöld og samtök, sem samningur þessi fjallar um, til þess að beita nauðsynlegri tækni til þess að tryggja öryggi þeirra gagna sem skiptst er á og ábyrgjast áreiðanleika þeirra og heilleika, einnig að til staðar séu gagnaskiptakerfi og að þau séu heildstæð, ennfremur að unnt sé að bera kennsl á þá sem þau nota.

IV. kafli – Efnisreglur refsiréttar og samvinna að því er framfylgd varðar.

15. gr. – Refsilagabrot sem varða hagræðingu úrslita íþróttakeppna.

1. Sérhver samningsaðili skal tryggja að samkvæmt landslögum hans sé hægt að beita viðurlögum á sviði refsiréttar við hagræðingu úrslita íþróttakeppna, þegar slík hagræðing felur í sér annaðhvort nauðung, spillingu eða sviksamlegt athæfi, samanber skilgreiningu í landslögum viðkomandi samningsaðila.

16. gr. – Peningaþvætti ávinnings af refsilagabrotum sem varða hagræðingu úrslita íþróttakeppna.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera háttsemi refsinnæma samkvæmt landslögum sínum eins og um getur í 1. og 2. mgr. 9. gr. Evrópuráðssamnings um peningaþvætti, leit, haldlagningu og upptöku ávinnings af afbrotum og um fjármögnun hryðjuverka (2005, SES nr. 198), í 1. mgr. 6. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (2000) eða í 1. mgr. 23. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu (2003), samkvæmt þeim skilyrðum sem þar um getur, þegar það frumbrot sem skilar hagnaði er eitt þeirra er um getur í 15. og 17. gr. samnings þessa og í öllu falli í tilviki kúgunar, spillingar og svika.
2. Sérhver samningsaðili getur, þegar ákveða skal þann flokk brota sem teljast skal til þeirra frumbrota sem minnst er á í 1. mgr., ákveðið, í samræmi við landslög sín, hvernig hann muni skilgreina þau brot og eðli tiltekinna frumpátta sem gera þau alvarleg.
3. Sérhver samningsaðili skal taka til athugunar að fella hagræðingu úrslita íþróttakeppna inn í rammaáætlun sína um forvarnir gegn peningaþvætti með þeim hætti að krefjast þess að íþróttaveðmálafyrirtæki geri könnun á áreiðanleika viðskiptamanna, haldi skrár og sinni upplýsingaskyldu.

17. gr. – Aðstoð og hvatning.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja lagaákvæði og aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi refsinnæma samkvæmt landslögum sínum, þegar um ásetning er að ræða, að aðstoða við eða hvetja til þess að eitthvert þeirra refsilagabrota er um getur í 15. gr. samnings þessa séu framin.

18. gr. – Refsiábyrgð lögaðila.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar fyrir brot er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa og einstaklingur fremur í þágu lögaðilans, annaðhvort einn síns liðs eða sem starfsmaður stofnunar lögaðilans þar sem hann gegnir stjórnunarstöðu, á grundvelli:

- a. heimildar til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,
 - b. valds til að taka ákvörðun fyrir hönd lögaðilans,
 - c. valds til að fara með stjórn mála hjá lögaðilanum.
2. Ábyrgð lögaðila getur, með fyrirvara um meginreglur laga viðkomandi samningsaðila, lotið að refsíabyrgð, einkaréttarábyrgð eða stjórnsýsluábyrgð.
3. Í öðrum tilvikum en þeim sem kveðið er á um í 1. mgr. skal sérhver samningsaðili gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar þegar eftirlits- eða stjórnleysi af hálfu einstaklings, er um getur í 1. mgr., hefur gert einstaklingi, sem aðhefst í umboði fyrrnefnds lögaðila, kleift að fremja brot, er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa, til hagsbóta fyrir lögaðilann.
4. Fyrrnefnd ábyrgð hefur engin áhrif á refsíabyrgð þeirra einstaklinga sem hafa framið brotið.

V. kafli – Lögsaga, meðferð sakamála og fullnusturáðstafanir.

19. gr. – Lögsaga.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að fella undir lögsögu sína þau brot er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa, þegar umrætt brot er framið:
 - a. á yfirráðasvæði hans,
 - b. um borð í skipi sem siglir undir fána hans eða
 - c. um borð í loftfari sem er skráð samkvæmt lögum hans eða
 - d. af einum af ríkisborgurum hans eða einstaklingi sem hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði hans.
2. Sérhvert ríki eða Evrópusambandið getur, með því að senda frá sér yfirlýsingu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, samhliða undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, lýst því yfir að það áskilji sér rétt til þess að beita ekki þeim reglum um lögsögu sem mælt er fyrir um í d-lið 1. mgr. þessarar greinar eða að beita þeim aðeins í sérstökum tilvikum eða við sérstök skilyrði.
3. Sérhver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða gera aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að fella undir lögsögu sína þau brot er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa í tilvikum þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði hans og eigi er unnt að framselja hann til annars samningsaðila á grundvelli ríkisfangs hans.
4. Geri fleiri en einn samningsaðili tilkall til lögsögu vegna meints brots, er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa, skulu hlutaðeigandi samningsaðilar hafa með sér samráð, eftir því sem við á, í því skyni að ákvarða í lögsögu hvers þeirra sé heppilegast að höfða mál.
5. Samningur þessi útilokar ekki, samanber þó almennar reglur þjóðaréttar, refsiréttarlögsögu, einkamálalögsögu og framkvæmdarvaldslögsögu sem samningsaðili beitir í samræmi við landslög sín.

20. gr. – Ráðstafanir til þess að vernda rafræn sönnunargögn.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir til þess að varðveita rafræn sönnunargögn, meðal annars með flýttivarðveislu geymdra tölvugagna, flýttivarðveislu og -birtingu gagna um ólögleg viðskipti, um fyrirmæli um framlagningu, um leit og haldlagningu geymdra tölvugagna, um söfnun gagna um ólögleg viðskipti í rauntíma og um hlerun gagnainnihalds, í samræmi við landslög sín, þegar hann gerir rannsókn á brotum er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa.

21. gr. – Ráðstafanir vegna verndar.

1. Sérhver samningsaðili skal taka til athugunar að samþykkja lagaákvæði sem kunna að vera nauðsynleg til þess að veita eftirtöldum aðilum örugga vernd:
 - a. einstaklingum sem, í góðri trú og af gildum ástæðum, veita upplýsingar um brot er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa eða vinna með öðrum hætti með yfirvöldum á sviði rannsókna og saksókna,
 - b. vitnum sem gefa skýrslu um fyrrnefnd brot,
 - c. aðstandendum þeirra einstaklinga er um getur í undirliðum a og b, þegar þess gerist þörf.

VI. kafli – Viðurlög og ráðstafanir.

22. gr. – Refsiviðurlög sem einstaklingar eru beittir.

1. Sérhver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða gera aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggd sé að við þeim brotum er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa séu, þegar einstaklingar fremja þau, viðurlög til refsingar sem eru skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif, þ.m.t. sektir, þar sem tillit er tekið til alvarleika brotanna. Fyrirnefnd viðurlög felast meðal annars í refsingum eins og frjálsræðissviptingu, sem getur leitt til framsals, samanber skilgreiningu landslaga.

23. gr. – Viðurlög sem lögaðilar eru beittir.

1. Sérhver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða gera aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggd sé að einstaklingar, sem eru gerðir ábyrgir skv. 18. gr., sæti viðurlögum, sem eru skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif, þ.m.t. sektum og hugsanlega öðrum ráðstöfunum á borð við:

- a. tímabundna eða varanlega sviptingu réttar til að stunda viðskipti,
- b. eftirlit dómskerfis,
- c. félagsslit samkvæmt dómsúrskurði.

24. gr - Stjórnsýsluviðurlög.

1. Sérhver samningsaðili skal samþykkja, eftir því sem við á, lagaákvæði eða aðrar ráðstafanir vegna refsiverðs athæfis samkvæmt landslögum sínum, það er lagaákvæði eða ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að refsa fyrir brot, sem eru refsinnæm samkvæmt samningi þessum, með viðurlögum og ráðstöfunum, sem eru skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif, að undangenginni málsmeðferð yfirvalda á sviði stjórnsýslu, þar sem niðurstaðan kann að leiða til málareksturs fyrir dómstóli sem hefur lögsögu í málinu.

2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að stjórnsýsluráðstafanir komi til framkvæmda. Viðkomandi eftirlitsaðili veðmála eða annað yfirvald eða yfirvöld, sem bera ábyrgð á veðmálastarfsemi, geta annast þessa framkvæmd samkvæmt landslögum viðkomandi samningsaðila.

25. gr. – Haldlagning og upptaka.

1. Sérhver samningsaðili skal setja lagaákvæði eða gera aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur og í samræmi við landslög, til þess að heimila haldlagningu og upptöku:

- a. vara, skjala og annarra tækja sem eru notuð, eða til stendur að nota, til þess að fremja þau brot er um getur í 15. til 17 gr. samnings þessa,
- b. ávinnings af fyrirnefndum brotum eða eigna að því verðmæti sem samsvarar þeim ávinningi.

VII. kafli – Alþjóðleg samvinna um dómsmál og önnur mál.

26. gr. – Ráðstafanir vegna alþjóðlegrar samvinnu í sakamálum.

1. Samningsaðilarnir skulu vinna saman, með eins víðtækum hætti og frekast er unnt og í samræmi við ákvæði samnings þessa og gildandi alþjóðlega og svæðisbundna gerninga og samkomulag á grundvelli sams konar eða gagnvirkar löggjafar og í samræmi við landslög sín, með það að markmiði að fram fari rannsókn, saksókn og málsókn fyrir dómstólum vegna þeirra brota er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa, þ.m.t. haldlagning og upptaka.

2. Samningsaðilarnir skulu vinna saman með eins víðtækum hætti og frekast er unnt, í samræmi við gildandi alþjóðlega, svæðisbundna og tvíhliða samninga um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum og í samræmi við landslög sín, í tengslum við þau brot er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa.

3. Í málum er varða alþjóðlega samvinnu og hvenær sem krafa er gerð um tvöfalt refsinnæmi, skal litið svo á að þeirri kröfu hafi verið fullnægt, án tillits til þess hvort lög þess ríkis sem beiðni er beint til kveði á um að brotið sé í sama brotaflokki og í því ríki sem leggur fram beiðni eða hvort fyrirnefnda ríkið noti sama orðalag yfir brotið og það síðarnefnda, ef sú háttsemi sem liggur að baki brotinu, þ.e. því broti sem gagnkvæmrar aðstoðar eða framsals er óskað vegna, er refsilagabrot samkvæmt lögum beggja samningsaðila.

4. Berist samningsaðila, sem gerir tilvist samnings skilyrði fyrir framsali eða gagnkvæmri aðstoð í sakamálum, beiðni um framsal eða gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá samningsaðila sem sá fyrrnefndi hefur engan þess háttar samning við, getur fyrrnefndi samningsaðilinn, í fullu samræmi við skuldbindingar sínar að þjóðarétti og með fyrirvara um þau skilyrði sem landslög hans kveða á um, litið á samning þennan sem lagagrundvöll fyrir framsali eða gagnkvæmri aðstoð í sakamálum að því er varðar þau brot er um getur í 15. til 17. gr. samnings þessa.

27. gr. – Aðrar ráðstafanir vegna alþjóðlegrar samvinnu að því er varðar forvarnarstarf.

1. Sérhver samningsaðili skal leitast við að fella, þar sem það á við, forvarnir og baráttu gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna inn í áætlanir um aðstoð í þágu þriðju ríkja.

28. gr. – Alþjóðleg samvinna við alþjóðleg íþróttasamtök.

1. Sérhver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, vinna með alþjóðlegum íþróttasamtökum í baráttunni gegn hagræðingu úrslita íþróttakeppna.

VIII. kafli – Eftirfylgni.

29. gr. – Miðlun upplýsinga.

1. Sérhver samningsaðili skal framsenda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, á einu opinberra tungumála Evrópuráðsins, allar upplýsingar sem skipta máli um lagaákvæði og aðrar ráðstafanir sem viðkomandi samningsaðili samþykkir í því skyni að uppfylla skilmála samnings þessa.

30. gr. – Nefnd um eftirfylgni samningsins.

1. Að því er samning þennan varðar er nefnd um eftirfylgni samningsins hér með sett á stofn.

2. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að eiga einn eða fleiri sendifulltrúa í nefndinni um eftirfylgni samningsins, þ.m.t. fulltrúa opinberra yfirvalda á sviði íþróttamála, löggæslu eða eftirlits með veðmálum. Sérhver samningsaðili fer með eitt atkvæði.

3. Þing Evrópuráðsins og aðrar viðkomandi milliríkjanefndir á vegum Evrópuráðsins skulu hver um sig skipa einn fulltrúa í nefndina um eftirfylgni samningsins, í því augnamiði að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að nálgun sem gengur þvert á ólík svið og er þverfagleg. Nefndinni um eftirfylgni samningsins er heimilt, ef nauðsyn krefur og með einróma ákvörðun, að bjóða öðrum ríkjum, sem eiga ekki aðild að samningnum, alþjóðlegum samtökum eða stofnunum, að eiga áheyrnarfulltrúa á fundum hennar. Fulltrúar, sem eru skipaðir samkvæmt ákvæðum þessa töluliðar, taka þátt í fundum nefndarinnar um eftirfylgni samningsins án atkvæðisréttar.

4. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins boðar til funda nefndarinnar um eftirfylgni samningsins. Fyrsti fundur hennar skal fara fram eins fljótt og framast er unnt og í öllu falli innan eins árs frá því að samningurinn öðlast gildi. Eftir það skal nefndin funda ávallt þegar minnst þriðjungur samningsaðila eða framkvæmdastjórinn fara fram á það.

5. Nefndin um eftirfylgni samningsins skal, með fyrirvara um ákvæði samnings þessa, taka saman og samþykkja samhljóða eigin starfsreglur.

6. Nefndin um eftirfylgni samningsins skal njóta aðstoðar skrifstofu Evrópuráðsins við að sinna störfum sínum.

31. gr. — Starfssvið nefndarinnar um eftirfylgni samningsins.

1. Nefndinni um eftirfylgni samningsins er falið að fylgja eftir framkvæmd samnings þessa.

2. Nefndin um eftirfylgni samningsins skal samþykkja og endurnýja listann yfir þau íþróttasamtök er um getur í 2. mgr. 3. gr., ásamt því að sjá til þess að hann sé birtur með viðeigandi hætti.

3. Nefndin um eftirfylgni samningsins getur, einkum og sér í lagi:

a. beint tilmælum til samningsaðilanna um ráðstafanir, sem gera ætti að því er samning þennan varðar, einkum viðvíkjandi alþjóðlegri samvinnu,

- b. Þar sem það á við, beint tilmælum til samningsaðilanna, í kjölfar birtingar skýringaskjala og eftir fyrirframsamráð við fulltrúa íþróttasamtaka og íþróttaveðmálafyrirtækja, einkum um:
- þær viðmiðanir sem íþróttasamtök og íþróttaveðmálafyrirtæki skulu fullnægja til þess að geta notið góðs af þeim upplýsingaskiptum er um getur í 1. mgr. 12. gr. samnings þessa,
 - aðrar leiðir til þess að efla samstarf um aðgerðir milli viðkomandi opinberra yfirvalda, íþróttasamtaka og íþróttaveðmálafyrirtækja, eins og fram kemur í samningi þessum,
- c. haldið viðkomandi alþjóðlegum samtökum og almenningi upplýstum um þá starfsemi sem fer fram á vettvangi samnings þessa,
- d. tekið saman og sent ráðherranefndinni álitserð um beiðni ríkja, sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu, um að verða boðið af hálfu ráðherranefndarinnar að undirrita samninginn í samræmi við 2. mgr. 32. gr.
4. Til þess að geta sinnt störfum sínum er nefndinni um eftirfylgni samningsins heimilt, og að eigin frumkvæði, að skipuleggja fundi sérfræðinga.
5. Nefndin um eftirfylgni samningsins skal, með fyrirframsamþykki viðkomandi samningsaðila, skipuleggja heimsóknir til samningsaðilanna.

IX. kafli – Lokaákvæði.

32. gr. – Undirritun og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins, annarra aðildarríkja að menningarsáttmála Evrópu, Evrópusambandsins og ríkja sem ekki eru aðildarríki en hafa tekið þátt í gerð hans eða hafa stöðu áheyrnarfulltrúa hjá Evrópuráðinu.
2. Samningur þessi skal einnig liggja frammi til undirritunar af hálfu annarra ríkja, sem ekki eru aðildarríki að Evrópuráðinu, þjóði ráðherranefndin þeim að undirrita samninginn. Ákvörðun þess efnis að bjóða ríkjum, sem ekki eru aðildarríki að Evrópuráðinu, að undirrita samninginn skal tekin með þeim meirihluta sem tilskilinn er í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsaðila sem eiga rétt til setu í ráðherranefndinni, að undangengnu samráði við nefndina um eftirfylgni samningsins, eftir stofnsetningu hennar.
3. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu og samþykki skulu afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.
4. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar fimm undirritunaraðilar, m.a. þrjú aðildarríki að Evrópuráðinu, hafa lýst sig samþykka því að vera bundnir af honum í samræmi við ákvæði 1., 2. og 3. mgr.
5. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverjum undirritunaraðila eða Evrópusambandinu, sem síðar lýsir yfir samþykki sínu þess efnis að vera bundinn eða bundið af honum, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar hann eða það lýsir yfir samþykki sínu þess efnis að vera bundinn eða bundið af samningnum í samræmi við ákvæði 1., 2. og 3. mgr.
6. Samningsaðili, sem ekki á aðild að Evrópuráðinu, skal leggja sitt af mörkum til þess að fjármagna nefndina um eftirfylgni samningsins með þeim hætti sem ráðherranefndin mun ákveða að undangengnu samráði við viðkomandi samningsaðila.

33. gr. – Áhrif samningsins og tengsl við aðra alþjóðlega gerninga.

1. Samningur þessi hefur engin áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt alþjóðlegum, marghliða samningum um sérstök viðfangsefni. Einkum breytir samningur þessi ekki réttindum þeirra og skyldum sem leiðir af öðrum samningum sem áður hafa verið gerðir um baráttuna gegn lyfjamisnotkun og samræmast viðfangsefni og tilgangi samnings þessa.
2. Samningur þessi er einkum, þar sem það á við, viðbót við gildandi marghliða eða tvíhliða samninga milli samningsaðilanna, m.a. ákvæði:
- a. Evrópusamningsins um framsal sakamanna (1957, SES nr. 24),
 - b. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð í sakamálum (1959, SES nr. 30),
 - c. samningsins um peningaþvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum (1990, SES nr. 141),
 - d. samningsins um peningaþvætti, leit, haldlagningu og upptöku ávinnings af afbrotum og um fjármögnun hryðjuverka (2005, SES nr. 198).

3. Samningsaðilunum er heimilt að gera tvíhliða eða marghliða samninga sín á milli um málefni, sem fjallað er um í samningi þessum, í því skyni að bæta við eða styrkja ákvæði hans eða að greiða fyrir beitingu þeirra meginreglna sem hann felur í sér.
4. Hafi tveir eða fleiri samningsaðilar þegar gert með sér samning um málefni sem fjallað er um í samningi þessum eða hafi með öðrum hætti komið á samskiptum viðvíkjandi slíkum málefnum, ber þeim og réttur til þess að framkvæma þann samninginn eða koma skipulagi á fyrrnefnd samskipti til samræmis við það. Komi samningsaðilarnir samskiptum sínum viðvíkjandi málefnum, sem samningur þessi fjallar um, hins vegar fyrir með öðrum hætti en þar er tilskilið, skulu þeir gera það með þeim hætti að samrýmist markmiðum og meginreglum samningsins.
5. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á önnur réttindi, höft, skuldbindingar og ábyrgð samningsaðila.

34. gr. – Skilyrði og verndarráðstafanir.

1. Sérhver samningsaðili skal sjá til þess að staðfesting, framkvæmd og beiting valdheimilda og málsmeðferðarreglna, sem kveðið er á um í II. til VII. kafla, séu háðar skilyrðum og verndarráðstöfunum, sem aftur er kveðið á um í landslögum viðkomandi samningsaðila, þar sem tryggð er fullnægjandi vernd mannréttinda og mannfrelsis, m.a. réttinda sem leiðir af skuldbindingum sem hann hefur gengist undir samkvæmt sáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og öðrum gildandi alþjóðlegum gerningum um mannréttindi, og þar sem meginreglan um meðalhóf er felld inn í landslög viðkomandi samningsaðila.
2. Fyrrnefnd skilyrði og verndarráðstafanir skulu, eins og við á með tilliti til þess um hvers kyns málsmeðferðarreglu eða valdheimild er að ræða, meðal annars fela í sér eftirlit dómskerfis eða annars konar óháð eftirlit, forsendur sem réttlæta beitingu og takmarkanir á gildissviði og tímalengd fyrrnefndrar valdheimildar eða málsmeðferðarreglu.
3. Sérhver samningsaðili skal, að því marki sem slíkt samræmist almannahagsmunum, einkum traustri réttarvörslu, taka til athugunar þau áhrif sem valdheimildir og málsmeðferðarreglur, sem fjallað er um í fyrrnefndum köflum, hafa á réttindi, ábyrgð og lögmæta hagsmuni þriðju aðila.

35. gr. – Svæðisbundið gildissvið.

1. Hverju ríki eða Evrópusambandinu er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, að tilgreina það eða þau yfirráðasvæði sem samningur þessi skal taka til.
2. Sérhver samningsaðili getur, hvenær sem er síðar, lýst því yfir við framkvæmdastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi nái til annarra yfirráðasvæða, sem tilgreind er í yfirlýsingunni, enda annist hann alþjóðleg tengsl fyrir það eða hafi heimild til að skuldbinda það. Samningurinn öðlast gildi, að því er fyrrnefnt yfirráðasvæði varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.
3. Heimilt er að afturkalla hverja yfirlýsingu, sem er gefin út samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum og varðar hvert það yfirráðasvæði sem þar er tilgreint, með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn veitir fyrrnefndri tilkynningu viðtöku.

36. gr. – Ákvæði um sambandsríki.

1. Sambandsríki er heimilt að áskilja sér rétt til þess að undirgangast skuldbindingar skv. II., IV., V. og VI. kafla samnings þessa í samræmi við grundvallarreglur sínar um tengsl milli ríkisstjórnar sambandsríkisins og ríkja sem mynda það eða annarra svipaðra eininga, er lúta lögsögu þess, að því tilskildu að því sé eigi að síður kleift að eiga aðild að samvinnu skv. III. og VII. kafla.
2. Sambandsríki er óheimilt, er það gerir fyrirvara skv. 1. mgr., að beita skilmálum slíks fyrirvara í því skyni að standa ekki við þær skuldbindingar sínar, að öllu eða verulegu leyti, að kveða á um ráðstafanir sem settar eru fram í III. eða VII. kafla. Almennt skal það mæla fyrir um umfangsmikla og raunverulega getu til þess að framfylgja lögum með tilliti til fyrrnefndra ráðstafana.

3. Að því er varðar þau ákvæði samnings þessa sem hvað beitingu varðar heyra undir lögsögu ríkja sem mynda sambandsríki eða annarra svipaðra eininga er lúta lögsögu sambandsríkis en eru ekki skuldbundin samkvæmt stjórnskipun sambandsríkisins til þess að gera ráðstafanir á sviði löggjafar, skal ríkisstjórn sambandsríkisins vekja athygli lögbærra yfirvalda slíkra ríkja á fyrrnefndum ákvæðum og lýsa jákvæðum sjónarmiðum sínum gagnvart þeim, jafnframt því að hvetja þau til þess að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að hrinda þeim í framkvæmd.

37. gr. – Fyrirvarar.

1. Hverju ríki eða Evrópusambandinu er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, að lýsa því yfir, með skriflegri tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, að það nýti sér þann kost að gera þá fyrirvara sem kveðið er á um í 2. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 36. gr. Óheimilt er að gera aðra fyrirvara.

2. Samningsaðili, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við 1. mgr., getur hvenær sem er afturkallað hann, að hluta eða öllu leyti, með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Fyrirvarinn tekur gildi þann dag þegar framkvæmdastjóri Evrópuráðsins veitir fyrrnefndri tilkynningu viðtöku. Komi fram í tilkynningunni að afturköllun fyrirvarans skuli taka gildi á ákveðnum degi sem þar er tilgreindur og renni sá dagur upp eftir þann dag þegar framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku, skal afturköllunin taka gildi seinni daginn.

3. Samningsaðili, sem hefur gert fyrirvara, skal afturkalla hann, að hluta eða öllu leyti, eins fljótt og aðstæður leyfa.

4. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins getur spurst reglulega fyrir, hjá samningsaðilum sem gert hafa einn fyrirvara eða fleiri, um líkur þess að fyrirvarinn eða fyrirvararnir verði afturkallaðir.

38. gr. – Breytingar.

1. Hver samningsaðili, nefndin um eftirfylgni samningsins eða ráðherranefnd Evrópuráðsins getur lagt fram tillögur til breytinga á greinum samnings þessa.

2. Senda skal framkvæmdastjóra Evrópuráðsins allar breytingartillögur, sem aftur framsendir þær til samningsaðilanna, aðildarríkja Evrópusambandsins, ríkja sem ekki eru aðildarríki en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa eða hafa stöðu áheyrnarfulltrúa hjá Evrópuráðinu, allra ríkja sem hafa fengið boð um að undirrita samning þennan og nefndarinnar um eftirfylgni samningsins, eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir þann fund þar sem til stendur að fjalla um þær. Nefndin um eftirfylgni samningsins skal senda ráðherranefndinni álit sitt á þeirri breytingu sem lögð er til.

3. Ráðherranefndin skal fjalla um þá breytingu sem lögð er til og um það álit sem nefndin um eftirfylgni samningsins sendir og samþykkja breytinguna með þeim meirihluta sem kveðið er á um í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins.

4. Texti hvernar breytingar, sem ráðherranefndin samþykkir skv. 3. mgr. þessarar greinar, skal framsendur samningsaðilunum til staðfestingar.

5. Hver sú breyting sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar skal taka gildi á fyrsta degi þess mánaðar sem hefst eftir að einn mánuður er liðinn frá því að allir samningsaðilar hafa skýrt framkvæmdastjóranum frá því að þeir hafi staðfest hana samkvæmt innlendra málsmeðferð hvers um sig.

6. Hafi ráðherranefndin samþykkt breytingu, en hún ekki öðlast gildi enn skv. 5. mgr., getur ríki eða Evrópusambandið ekki lýst yfir samþykki sínu fyrir því að vera bundið af samningnum án þess að staðfesta breytinguna um leið.

39. gr. – Lausn deilumála.

1. Skýra ber nefndinni um eftirfylgni samningsins, í nánú samstarfi við viðkomandi milliríkjanefndir Evrópuráðsins, frá erfiðleikum viðvíkjandi túlkun og beitingu ákvæða samnings þessa.

2. Komi upp deila milli samningsaðila um túlkun eða beitingu ákvæða samnings þessa, skulu þeir leitast við að leysa deiluna með samningaviðræðum, sáttumleitunum eða með því að leggja hana í gerð eða með öðrum friðsamlegum hætti að eigin vali.

3. Ráðherranefnd Evrópuráðsins getur komið á málsmeðferðarreglum um lausn deilumála sem samningsaðilar sem deila geta notfært sér með fyrirvara um samþykki þeirra.

40. gr. – Uppsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur, hvenær sem er, sagt upp samningi þessum með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

41. gr. – Tilkynningar.

1. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna samningsaðilunum, aðildarríkjum Evrópuráðsins, öðrum ríkjum sem eru aðilar að menningarsáttmála Evrópu, ríkjum sem eru ekki aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa eða hafa stöðu áheyrnarfulltrúa hjá Evrópuráðinu, Evrópusambandinu og hverju því ríki sem hefur verið boðið að undirrita samning þennan samkvæmt ákvæðum 32. gr. um:

- a. sérhverja undirritun,
- b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu,
- c. hvern gildistökudag samnings þessa í samræmi við ákvæði 32. gr.,
- d. sérhvern fyrirvara sem er gerður og sérhverja afturköllun samkvæmt ákvæðum 37. gr.,
- e. sérhverja yfirlýsingu sem er lögð fram samkvæmt ákvæðum 9. og 13. gr.,
- f. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í _____ 201 í einu eintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit hverju aðildarríki Evrópuráðsins, ríkjum sem eru ekki aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í gerð samnings þessa eða hafa stöðu áheyrnarfulltrúa hjá Evrópuráðinu, Evrópusambandinu og hverju ríki sem er boðið að undirrita samning þennan.